

## Tillaga til þingsályktunar

**um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2019  
um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.**

Frá utanríkisráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1513 frá 9. september 2015 um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og dísileldsneytis og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB.

Greinargerð.

### 1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn frá 2. maí 1992 (sbr. fskj. I), og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1513 frá 9. september 2015 um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og dísileldsneytis og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB (sbr. fskj. II).

Þar sem lagastoð var ekki fyrir hendi til innleiðingar á umraaddri reglugerð var ákvörðun nr. 74/2019 tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir. Hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

### 2. Um upptöku ESB-gerða í EES-samninginn og um stjórnskipulegan fyrirvara.

Á hverju ári er nokkur fjöldi ESB-gerða tekinn upp í EES-samninginn með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þó er um að ræða tiltölulega lágt hlutfall af heildarfjölda þeirra gerða sem ESB samþykkir. Í skýrslu utanríkisráðuneytisins, *Gengið til góðs – skref í átt að bættri framkvæmd EES-samningsins*, kemur fram að á tímabilinu frá árinu 1994 til ársloka 2016 tók Ísland upp 13,4% þeirra gerða sem ESB samþykkti á sama tímabili.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar að ildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Almennt hafa íslensk stjórnvöld einungis gert stjórnskipulegan fyrirvara þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskráinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tilkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskráinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljós-lega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

### **3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1513 frá 9. september 2015 um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og dísileldsneytis og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB.**

Tilskipun (ESB) 2015/1513 gerir nokkrar breytingar á tilskipun 98/70/EB sem hér verða raktar í stuttu máli. Á ákvæði 7. gr. a tilskipunar 98/70/EB, sem fjallar um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda, eru gerðar nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi er ákvæði bætt við þess efnis að ildarríkin geti heimilað birgjum lífeldsneytis til notkunar í flugi að taka þátt í minnkunarskyldunni sem kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr. a. Í öðru lagi er aðildarríkjum gefinn kostur á, í því skyni að uppfylla minnkunarskylduna, að leggja hámark við framleiðslu lífeldsneytis úr korni og öðrum sterkjuríkum plöntum, sykri, olíuplöntum og plöntum sem eru ræktaðar aðallega í því skyni að framleiða orku, í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB. Þá er nýri málsgrein bætt við 7. gr. a. Hún kveður á um að ildarríki skuli krefjast þess að þeir birgjar sem skila árlegri skýrslu skv. 1. mgr. 7. gr. a skili tilteknum upplýsingum til viðbótar í þeirri skýrslu, þar á meðal bráðabirgðamati á losun frá lífeldsneyti vegna óbeinna breytinga á landnýtingu.

Með breytingu á 2. mgr. 7. gr. b er horfið frá 35% lágmarki minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda með notkun lífeldsneytis. Þess í stað skal minnkunin vera a.m.k. 60% vegna lífeldsneytis sem framleitt er í orkuverum þar sem starfsemi hófst eftir 5. október 2015. Ef um er að ræða orkuver sem voru þegar í rekstri 5. október 2015 eða fyrir þann tíma er gerð krafa um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda með notkun lífeldsneytis um a.m.k. 35% fram til 31. desember 2017 og um a.m.k. 50% frá og með 1. janúar 2018. Með þessu ákvæði

eru gerðar breytingar á núgildandi viðmiðum minnkunar sem eru annars vegar 50% frá og með 1. janúar 2017 og hins végar 60% frá og með 1. janúar 2018.

Gerð er breyting á 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 98/70/EB þess efnis að skilafrestur skýrslu aðildarríkja með gögnum um gæði innlends eldsneytis fyrir undangengið ár verði 31. ágúst, í stað 30. júní áður.

Einum nýjum viðauka er bætt við tilskipun 98/70/EB með tilskipun (ESB) 2015/1513. Í A-hluta viðaukans er bráðabirgðamat á losun frá lífeldsneyti vegna óbeinna breytinga á landnýtingu. Í B-hluta er tiltekið frá hvaða gerðum lífeldsneytislosun vegna óbeinna breytinga á landnýtingu skuli teljast vera núll.

Tilskipun 2015/1513 gerir einnig nokkrar breytingar á tilskipun 2009/28/EB. Tilskipun 2009/28/EB var innleidd með lögum nr. 40/2013, um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, og reglugerð nr. 870/2013 um söfnun gagna um framleiðslu, innflutning, geymslu og sölu á eldsneyti og eftirlit með orkuhlutdeild endurnýjanlegs eldsneytis í heildarsölu til samgangna á landi. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fer með lög nr. 40/2013 og Orkustofnun með framkvæmd reglugerðar nr. 870/2013. Greinar tilskipunarinnar nr. 1721 voru innleiddar með reglugerð nr. 750/2013 um viðmiðanir í sjálfbærri lífeldsneytisframleiðslu, sem er á forræði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Orkustofnun fer með framkvæmd reglugerðar nr. 750/2013. IX. viðauka er bætt við tilskipun 2009/28/EB með tilskipun (ESB) 2015/1513. Í viðaukanum er listi yfir eldsneyti sem telja má tvöfalt á við sama magn annars endurnýjanlegs eldsneytis, sbr. markmið í 4. mgr. 3 gr. tilskipunarinnar.

Með tilskipun (ESB) 2015/1513 er lágmarki minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda, sbr. 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB, breytt á sama veg og 2. mgr. 7. gr. b tilskipunar 98/70/EB, sjá framar.

Loks er tilskipunar 2009/28/EB felld brott með tilskipun (ESB) 2015/1513.

#### **4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.**

Gerðin kallar á breytingu á lögum nr. 40/2013, um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi. Nánar tiltekið eru 2. og 5. mgr. 3. gr. laganna til samræmis við 2. og 1. mgr. 21. gr. tilskipunarinnar. Innleiðing reglugerðarinnar er í vinnslu.

#### **5. Samráð við Alþingi.**

Í reglum Alþingis um þinglega meðferð EES-mála er kveðið á um að ESB-gerðir, sem fyrirhugað er að fella inn í EES-samninginn en munu ekki taka gildi á Íslandi nema að undangengnu samþykki Alþingis, skuli sendar utanríkismálanefnd til umfjöllunar. Tilskipun 2015/1513 var send utanríkismálanefnd til samræmis við framangreindar reglur. Í bréfi utanríkismálanefndar, dags. 4. mars 2019, kemur fram að nefndin hafi fjallað um gerðina og telji ekki þörf á frekari umfjöllun. Í bréfinu eru ekki gerðar athugasemdir við upptöku gerðarinnar í EES-samninginn.

#### **Fylgiskjal I.**

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2019 um breytingu á II. viðauka  
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og  
IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.**

[www.althingi.is/altext/pdf/150/fylgiskjol/s0300-f\\_I.pdf](http://www.althingi.is/altext/pdf/150/fylgiskjol/s0300-f_I.pdf)

**Fylgiskjal II.**

**Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1513 frá 9. september 2015 um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og dísileldsneytis og um breytingu á tilskipun 2009/28/EB um aukna notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum.**

[www.althingi.is/altext/pdf/150/fylgiskjol/s0300-f\\_II.pdf](http://www.althingi.is/altext/pdf/150/fylgiskjol/s0300-f_II.pdf)